

Skrifstofa Mýrdalshrepps
Austurvegi 17
870 Vík.

Reykjavík 17. nóvember 2011.

Efni: Athugasemd við aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028.

Undirritaður er afkomandi Sigrúnar Guðmundsdóttur og Ólafs Jakobssonar frá Fagradal.

Ein ástæða þess að afkomendur þeirra fóru í kostnaðarsamar framkvæmdir við endurbyggingu Víkurbrautar 30, sem var þeirra síðasta heimili, var umhverfið og ekki síst Víkurfjara.

Með lítt ígrundaðri ákvörðun meirihluta sveitastjórnar um nýja veglínu er fyrirhugað að taka landsvæði vestan Reynisfjall undir þjóðveg og stórskaða það með óafturkræfum hætti.

Víkurfjara og hluti Reynisfjalls að austanverðu eru svæði sem verða nánast eyðilögð en þar er nú vinsælt útivistarsvæði og ferðamannaparadís.

Ég nota orðið lítt ígrundaða ákvörðun og byggi það m.a. á dómi Hæstaréttar Íslands nr. 425/2008. Ábyrg sveitarstjórn hefði á fyrsta stigi undirbúnings óskað eftir lögfræðilíti á stöðu sveitarfélagsins varðandi möguleika á eignarnámi þess lands sem ný veglína á að liggja um. Rétt þykir að benda á að áform Vegagerðarinnar um vegbætur við Gatnabrún, sem komin eru á vegaáætlun, mun styrkja mjög varnarstöðu landeigenda ef/þegar til eignarnáms Mýrdalshrepps/Vegagerðarinnar kemur og er þá vísað í forsendur dómsins.

Bréf þetta er hugsað sem vinsamleg ábending til sveitastjórnar um að vanda betur til undirbúnings og hugsanlega fyrirbyggja óþarfa útgjöld og frekari ósætti íbúanna vegna tilrauna til eignarnáms lands sem nokkuð ljóst er að muni mistakast sbr. framangreindan dóm.

Að lokum vil ég áréttta að ég hefði ekki stutt og tekið þátt í endurbyggingu Víkurbrautar 30 ef mér hefði komið til hugar að sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefði forgöngu um eyðileggingu Víkurfjöru og hennar nánasta umhverfi eins og skipulagið gerir ráð fyrir.

Ég trúi því að flest sveitafélög á Íslandi hefðu tekið til varna ef fyrirhugað væri að framkvæma jafn stórtæk náttúruspjöll innan sveitarfélags eins og mun verða beggja megin Reynisfjalls ef áform Mýrdalshrepps um færslu hringvegarins verða samþykkt af þar til bærum yfirvöldum.

Virðingafyllst

Ólafur Jónsson
kt. 130546-2939